Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson **455. þáttur**

Björn Stefánsson í Keflavík er einn þeirra varðveislumanna íslenskrar tungu sem stundum skrifar mér bréf um þetta hugðarefni sitt. Til viðbótar því, sem til hans var vitnað í síðasta þætti, er þessa að geta:

1) Honum ofbýður staglstíllinn eins og fleirum, og þá ekki síst í því sem opinberir aðilar láta frá sér fara. Umsjónarmaður tekur enn undir þetta og undrast til dæmis að hafa heyrt sjálft menntamálaráðuneytið hvað eftir annað auglýsa „stöður grunnskólakennara við grunnskóla“ úti um allt land.

2) Umsjónarmaður er sammála Birni Stefánssyni, þegar hann telur hvimleitt mál og endasleppt eða halaklippt, ef ekki er um það getið, í hverju menn eiga að taka þátt. Hvernig væri að segja: **Vertu með** í stað hins: „Taktu þátt“? Eða þá: **Hvað voru margir með** í staðinn fyrir: „Hvað tóku margir þátt“?

3) Hann amast eins og fleiri málvöndunarmenn við „stærðargráðunni“ og „ársgrundvellinum“. Umsjónarmaður er ekki frá því, að þessi orð hafi heldur látið undan síga.

★

Gömul predikun:

„Í morgun, þegar vér riðum til kirkjunnar, sáum vér eina örn sitja á Laufskálabökkum, haldandi einum laxi sér í klóm, hver eð virtist mundu rífa undan henni það eina læri. Þannig fer djöfullinn með oss, kristnir menn. Hann leitast við að rífa undan oss það andlega læri. En við því eru ráð, kristinn maður. Taktu skónál skynseminnar og þræddu hana upp á þráð þrenningarinnar, taktu síðan leppdulu lítillætisins og saumaðu hana fyrir þína sálarholu, svo að sá helvíski kattormur, djöfullinn, klóri sig þar ekki í gegnum, si sona og si sona.“

Um leið og presturinn sagði þetta seinasta, glennti hann fingurna í sundur og krafsaði fram fyrir sig.

Umsjónarmaður vill geta þess, að þessi predikun er til í mismunandi gerðum, en hér er farið eftir Steindóri Steindórssyni frá Hlöðum sem kunni hana orðrétta eins og hún reyndist vera prentuð í I. árgangi **Huldar.** Önnur alþekkt gerð er í **Almanaki Þjóðvinafélagsins** um árið 1886.

Orðið **kattormur,** sem presturinn notaði um skrattann í predikuninni hér að framan, hefur aðeins fundist á tveimur stöðum í bókum, segja þeir orðabókarmenn Háskólans umsjónarmanni. Í **Félagsritunum gömlu** táknar það heldur en ekki annað. Þar segir m.a. í grein um íslensk sjúkdómanöfn (X, 28, 1790):

„Þat er Íslendingar kalla reform, kémr sem optast í fingurnar, bæði í neglr fram og verðr þar at naglætu, en allt er hit sama hvar hann kémr um líkamann, og í tilliti eðlisins er **hríngormr, ristill, reformr** og **kattormr,** eitt og hit sama at vitni hinna ýngstu lækna.“

★

Því til viðbótar, er sagði í 433. þætti (23. apríl) um **Guðjón** notað sem samnafn, er hér birtur ofurlítill stúfur úr þýðingu Páls Skúlasonar, **Mislitt fé,** en þar glímdi hann við þann mikla vanda að koma smásögum Damons Runyon á íslensku:

„Hinsvegar er enginn vafi á því, að Blindi-Bensi er blindur. Augnalokin eru einhvern veginn saumuð niður fyrir augun, svo að það er alveg óhugsandi, að hann sé að gera sér læti, því að margir guðjónar hafa eftirlit með þessu árum saman og sjá hann aldrei gægjast.“

Þess má enn geta, að ósjaldan í þessari þýðingu er **jósep** samnafn og þá skrifað svona með litlum staf.

★

Smælki, sem alveg eins mætti vera óhljóðverpt og heita **smálki** (kk.):

1) Íþróttamaður bætti afrek sitt. Fréttamaður sagði að það hefði verið mikil „bæting“. Veit ég vel að orðið bæting er til, a.m.k. í samsetningum, eins og **netabæting.** En væri ekki alveg upplagt að nota ennþá hið góða, gamla orð **framför?** Er nokkur ástæða til þess að sniðganga það, er einhver bætir afrek sín, honum **fer fram?**

2) Er hægt að sættast á að nefna **tvist,** það sem útlendingar kalla **díóðu?**


3) Umsjónarmanni þykir kollótt, þegar stagast er á orðinu **„sería“** í kynningu á sjónvarpsefni handa börnum. Væri ekki miklu snjallara að hefja leikinn á því að kenna börnum að það, sem á erlendu máli er „sería“, heitir **röð** á móðurmáli okkar. Stutt og laggott. (Og í staðinn fyrir „púsluspil“ höfum við **raðspil.**)

4) Í síðasta þætti misfórst sögnin að **merja,** fékk inn í sig **k** og breyttist í **merkja.** Reyndar gerði þetta afskaplega lítið til, því að no. **merkja** er af sama uppruna og **morkinn.** Það getur komið **merkja** í kjötið. Þá misfórst **uppruni** á milli lína, átti að skiptast: **upp-runi.**

★

Vilfríður vestan kvað:

Átti Bjarney í Bolungarvík
undan bósanum Kol unga tík;
án þess að glúpna
hún gekk oft til rjúpna
bæði þrautgóð og þolungarrík.



VÍSUN, FÖNSUN OG STUÐLUN


Myndhöggvarinn **Hallsteinn Sigurðsson** er ekki þekktur fyrir litskrúðugt nafnaval á myndir sínar. Fyrir utan ofanskráð nægir honum Svif, Veggskrið, Keilur og Hvel, sem hann tölusetur svo til aðgreiningar með rómverskum tölum, því að hann gerir iðulega fleiri tilbrigði af hverri hugmynd.

Vafalítið er sýning hans á Kjarvalsstöðum um þessar mundir sú heillegasta og athyglisverðasta, sem frá honum hefur komið til þessa, en hún er senn í vestri gangi og hálfum vestursal. Hallsteinn er nú mun öruggari í formum en áður og um leið hnitmiðaðri í vinnubrögðum ásamt því að verkin eru lífrænni í útfærslu.

Á sýningunni er ein mjög einföld en formfögur altaristafla og fleiri einfaldar en áhrifaríkar lágmyndir í járni má sjá á veggjunum.

Kannski eru myndirnar í hvítu og svörtu sterkasta framlagið, en hins vegar má allt eins búast við því, að myndir sem hann hefur málað gular eða rauðar, falli mjög vel inn í rétt umhverfi og sérstaka lýsingu, en hér eru Kjarvalsstaðir ekki heppilegasti ramminn utan um slíka litafjölbreytni í skúlptúr.

X-JÁ
Safnaðarstjórn Fríkirkjunnar
skorar á safnaðarfólk að greiða atkvæði
í allsherjaratkvæðagreiðslunni
1. og 2. október nk. í Álftamýrarskóla
og krossa við JÁ. Bílasími 27270
X-JÁ



Medima VARMAHLÍFAR

Medima varmahlífarnar eru áhrifarík hjálp til að viðhalda nauðsynlegum hita á veikum líkamshlutum eins og hálsi, öxlum, olnbogum, hnjám, hrygg, fótum, úlnliðum, vöðvum, nýrum, blöðruhálskirtli og blöðru.

Til notkunar í kulda höfum við einnig Medima nærfatnað á börn og fullorðna. Stuttar og síðar buxur. Stutterma og langerma boli.

Medima vörurnar eru framleiddar úr blöndu af kanínuull (angóraull) og lambsull. Til að auka á styrk og endingu er Polamyd styrktarþráður.

Medima vörurnar eru vestur-þýsk hágæðavara flutt inn af Náttúrulækningabúðinni beint frá verksmiðju og er verðið sambærilegt við verðið út úr búð í Vestur–Þýskalandi.

Náttúrulækningabúðin, Laugavegi 25, sími 10263.

Morgunblaðið
Áskriftarsíminn er 83033
85 40

21150 - 21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON SÖLUSTJÓRI
LÁRUS BJARNASON HDL. LÖGG. FASTEIGNASALI

Til sýnis og sölu auk annarra eigna:

Gott steinhús á góðum stað

í Hvömmunum í Kópavogi. Á hæð er rúmgóð 5 herb. íbúð með stórum sólsvölum. Á jarðh./kj. er 2ja herb. íbúð, þvottahús, rúmgóðar geymslur og stór bílskúr. Fallegur trjágarður. **Arkitekt:** Sigvaldi Thordarson. **Margskonar** eignaskipti möguleg.

Á vinsælum stað

í Vesturbænum í Kóp. neðri hæð í tvíbhúsi 4ra herb. 100,1 fm nettó. Sérhiti. Sérþvottahús. Nokkuð endurn. Bílsksökklar fylgja. **Nýtt húsnæðislán** kr. 2,2 millj. fylgir. Skipti möguleg á 3ja–4ra herb. íbúð í Hafnarfirði eða Garðabæ.

Endurnýjuð í vesturborginni

3ja herb. hæð við Brávallagötu 101 fm nettó. Stór og góð. **Mikið endurn. Sérhiti. Sólsvalir.** Fjórbýli. Skipti æskileg á stærri íbúð t.d. í nágr.

Við Háaleitisbraut – laus strax

Góð 4ra herb. íbúð á 2. hæð 92 fm. Frábært útsýni.

Húseign með tveimur íbúðum

Fjársterkir kaupendur óska eftir húseignum með tveimur íbúðum. **Þ. á m.** óskast húseign með 3ja–4ra herb. íbúð og 2ja–3ja herb. íbúð sem losnar í síðasta lagi í maí–júní nk.

Mosfellssveit – Hafnarfjörður

Góður kaupandi – ræktunarmaður – óskar eftir einbhúsi, ekki stóru, en með stórri lóð. **Ennfremur** óskast lítið einbhús í Mosfellssveit.

Opið í dag laugardag frá kl. 11 til kl. 14.
Fjöldi fjársterkra kaupenda.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150 - 21370